

Föstudaginn 9. nóvember 1990.

Nr. 114/1990. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Stefáni Brynjari Óskarssyni

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. febrúar 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingar.

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 auk þeirra greina, sem í héraðsdómi eru nefndar. Með þessari athugasemd ber með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann.

Það athugast, að rétt var að taka í sakadómi skýrslu af Bergþóri Elí Sveinssyni.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Stefán Brynjar Óskarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. febrúar 1990.

Ár 1990, föstudaginn 2. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 61-63/1990: Ákærvaldið gegn X, Y og Stefáni Brynjari Óskarssyni, sem tekið var til dóms 30. f.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 23. október sl., á hendur ákærðu, „X,..., Y,..., og Stefáni Brynjari Óskarssyni, Suðurhólum 18, kennitala 18.09.67-3709, öllum til heimilis í Reykjavík, fyrir eftirgreinda þjófnaði á árinu 1989:

I.

Ákærðu er öllum gefið að sök að hafa aðfaranótt föstudagsins 30. júní brotist í félagi inn í Grillskálann á Hellu og stolið þar og (sic) um 125.000 krónum í tékkum og reiðufé og áfengisflösku.

Telst ofangreind háttsemi ákærðu varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og háttsemi ákærða X samkvæmt ákærulið II.3 jafnframt, sbr. 20. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

I.

Aðfaranótt föstudagsins 30. júní sl. var brotist inn í Grillskálann á Hellu og stolið um 125.000 krónum í tékkum og reiðufé og áfengisflösku. Höfðu horfið úr peningakassa á skrifstofu kr. 35.200 í peningaseðlum, kr. 7.500 í 50 kr. mynt, kr. 8.000 í 10 kr. mynt og kr. 300 í 5 kr. mynt. Tveir peningakassar voru í afgreiðslu, og hafði verið stolið úr öðrum þeirra um 4.000 - 5.000 kr. í skiptimynt og hinum kr. 56.695 í mynt, ávísunum og greiðslukortanótum og kr. 14.000, sem áttu að vera þar í skiptimynt.

Ákærði X hefur við rannsókn og meðferð málsins skýlaust játað að hafa verið þarna að verki ásamt meðákærðu. Hefur ákærði skýrt svo frá, að hann hafi ætlað að fara með ákærða Stefáni Brynjari til Amsterdam, og hafi þeir ætlað að fara eitthvað út á land í innbrot til að afla fjár fyrir ferðinni. Hafi ákærði Y síðan allt í einu slegist í hópinn. Hafi þeir allir farið austur fyrir fjall, en ekkert verið búið að ákveða, hvert ferðinni væri heitið. Kveðst ákærði hafa stungið upp á því að brjótast inn í Esso-skálann í Hveragerði, þar sem hann þekkti til þar, en hinir ekki viljað það og þeir haldið áfram austur á Hellu og komið þangað um k. 2.00. Hafi ákærði og Stefán Brynjar brotist saman inn í Grillskálann þar, en Y beðið í bifreið ákærðu á meðan. Kveðst ákærði hafa spennt upp aðaldyrnar með járn, sem hafi verið í bifreiðinni. Hafi þeir stolið þarna peningum og ávísunum úr afgreiðslukössum, 6 bjórum og einni flösku af áfengi. Eftir þetta hafi þeir farið til Reykjavíkur og Stefán Brynjar ekið bifreiðinni. Hafi þeir farið beint í Jórufell, þar sem Stefán Brynjar hafi greitt strák kr. 4.000 skuld

með skiptimynt. Þaðan hafi ákærðu haldið til Keflavíkurflugvallar, þar sem þeir hafi keypt sér farseðla til Amsterdam fyrir peningana, sem þeir höfðu stolið í Grillskálanum. Að svo búnu hafi ákærði keypt sér gjaldeyri og haldið ásamt meðákærðu til Amsterdam.

Ákærði Y hefur einnig við rannsókn og dómsmeðferð málsins afdráttarlaust játað að hafa verið þarna að verki ásamt meðákærðu. Kveður ákærði, að ákærðu hafi allir ákveðið að fara greint sinn austur fyrir fjall í innbrot, og kveðst ákærði hafa ekið þangað bifreið af gerðinni Daihatsu, sem ákærði Stefán Brynjar hafi sagst eiga. Áður en haldið hafi verið af stað, kveður ákærði, að komið hafi verið við í skemmu, þar sem vinnuveitandi Stefáns Brynjars hafi aðstöðu, og þar hafi Stefán Brynjar tekið verkfæri, m.a. felgujárn, rörtöng, hamar og meitil. Hafi síðan verið ekið á Hellu og þar ákveðið að brjótast inn í Grillskálann. Hafi X og Stefán Brynjar farið þar inn um kl. 1.55 um nóttina og komið til baka eftir um 15 - 20 mínútur með þýfið, um 125.000 krónur í tékkum og reiðufé og áfengisflösku. Hafi ákærðu skipt peningunum á leiðinni til Reykjavíkur og ákærði fengið um kr. 30.000 í seðlum og kr. 1.050 í mynt og X og Stefán Brynjar sagt, að þetta væri jöfn skipting. Í Reykjavík hafi Stefán Brynjar greitt einhverjum Bergþóri skuld með skiptimynt úr innbrotinu á Hellu. Að svo búnu hafi ákærðu haldið út á Keflavíkurflugvöll. Þar hafi ákærði keypt sér gjaldeyri og ákærðu haldið við svo búið til Amsterdam.

Ákærði Stefán Brynjar Óskarsson hefur bæði við rannsókn og meðferð málsins neitað sök í máli þessu, en kannast við að hafa farið ásamt meðákærðu til Amsterdam að morgni 30. júní sl.

Bergþór Elí Sveinsson, fæddur 7. janúar 1971, hefur greint frá því, að ákærðu hafi komið til sín aðfaranótt 30. júní sl. milli kl. 3.00 og 4.00. Þar hafi Stefán Brynjar greitt sér skuld, að fjárhæð kr. 4.000, með smámynt. Um kl. 5.00 hafi hann farið ásamt ákærðu og öðrum strák til Keflavíkurflugvallar í bifreið af tegundinni Daihatsu Charmant, sem Stefán Brynjar eigi, og hafi bifreiðinni verið lagt fyrir framan flugstöðina þar. Vísaði Bergþór Elí rannsóknarlögreglu ríkisins á umrædda bifreið hinn 1. júlí sl., þar sem hún stóð á bifreiðastæði fyrir utan Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli.

Þá liggur frammi í málinu ljósrit af gjaldeyrisumsókn ákærða Stefáns Brynjars, dagsett 30. júní 1989, fyrir 475 hollenskum gyllinum. Hefur ákærði kannast við að hafa sótt um gjaldeyri þennan og fengið greint sinn.

Niðurstöður.

Sannað er með skýlausum játningum ákærðu X og Y, sem eru í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu, að þeir hafa gerst sekir um háttsemi þá, sem þeim er gefin að sök í ákæru.

Þá er sannað með framburði ákærðu X og Y, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að ákærði Stefán Brynjar Óskarsson hefur gerst sekur um það atferli, sem honum er gefið að sök í ákæru.

Varðar háttsemi ákærðu við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

— — —

Ákærði Stefán Brynjar hefur 7 sinnum sæst á sektargreiðslu í dómi vegna umferðarlagabrota, fíkniefnabrota og brots gegn lögum um lax- og silungsveiði. Þá hefur hann sætt eftirtöldum refsisdómum:

- 1986 9/9 Dómur: Fangelsi 2 mán., skb. 3 ár, 10.000 kr. sekt f. brot g. 244. gr. alm. hgl.
- 1986 26/9 Dómur: 2.000 kr. sekt f. brot g. 1.mgr. 37. gr. umfl.
- 1988 21/9 Dómur: Fangelsi 3 mán. f. brot g. 244. gr. alm. hgl. Dómur frá 9.9. '86 dæmdur með.
- 1989 18/7 Dómur: Fangelsi 2 mán., hegningarauki, f. brot g. 244. gr. alm. hgl.

Refsingar.

Ákærðu hafa unnið sér til refsingar samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Brot það, sem ákærði Stefán Brynjar er sakfelldur fyrir í máli þessu, er ítrekun við dóminn frá 21. september 1988, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga, en hegningarauki við dóminn frá 18. júlí 1989, sbr. 78. gr. sömu laga. Með hliðsjón af framansögðu þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

— — —

Dæma ber ákærða X til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 35.000, og ákærða Stefán Brynjar til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigmundar Hannessonar héraðsdómslögmanns, sem teljast hæfileg kr. 30.000, en annan sakarkostnað greiði ákærði X að 1/6 hluta, en ákærðu allir óskipt að 5/6 hlutum.

D ó m s o r ð:

Ákærði X sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði Y sæti fangelsi 10 mánuði.

Ákærði Stefán Brynjar Óskarsson sæti fangelsi 4 mánuði.

Fresta skal fullnustu refsingar ákærða X og 7 mánaða af refsingu ákærða Y, og skulu refsingarnar niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærðu hvor um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði X greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur, og ákærði Stefán Brynjar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigmundar Hannessonar héraðsdómslögmanns, 30.000 krónur. Annan sakarkostnað greiði ákærði X að 1/6 hluta, en ákærðu allir óskipt að 5/6 hlutum.
